

Heilsuleikskólinn Fífusalir

Starfsáætlun
2016-2017



Heilsuleikskólinn Fífusalir

Lýsing á húsnæði og lóð leikskólans

Heilsuleikskólinn Fífusalir er sex deilda leikskóli. Húsið er á einni hæð, grunnflötur er 776 m² þar af er leikrými 445 m² fyrir 113 börn samtímis í 6 - 9 tíma dvöl. Húsnæðið skiptist í tvo ganga sem eru með þrem deildum hvor, og miðrými með matsal, Leikvangi (íþróttasal) og Smiðju (listsköpun). Eldri deildir leikskólans nefnast Hóll, Hlíð og Hæð. Yngri deildir leikskólans nefnast Lind, Lækur og Laut. Lóðin er 3325 m², kominn er tími á að yfirfara lóðina og lagfæra ýmislegt.

Fífusalir er opinn leikskóli, það er að segja fyrir utan þær tvær stofur sem hver deild hefur, en annars er samnýting á íþróttasal, listasmiðju, matsal og göngum.

Námskrá og uppeldislegar áherslur

Á grunni Aðalnámskrár leikskóla frá 2011 og námskrár leikskóla Kópavogs hafa kennarar Heilsuleikskólans Fífusala mótað sína skólanámskrá og var hún gefin út 16. nóvember 2011, á tíu ára afmæli skólans. Ný og endurskoðuð námskrá var tilbúin í maí 2015.

<http://fifusalir.kopavogur.is/media/um-skolann/namskra2015.pdf>

Í leikskólanum er lögð áhersla á heilsueflandi lífverni og góð samskipti. Þann 8. maí 2013 fékk leikskólinn heilsufánann og var þar með orðinn aðili í Samtökum heilsuleikskóla.

Heilsustefnan er íslensk, Unnur Stefánsdóttir heitin er höfundur að henni. Markmiðið er að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Sjá nánar á www.heilsustefnan.is.

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Við í Fífusölum störfum eftir kenningum John Dewey og Berit Bae.

John Dewey lagði áherslu á uppgötvunarnám, það er að börn læri í gegnum leikinn með því að prófa sig áfram. Hann mælti hvorki með algjöru frelsi né valdboði, heldur því sem hægt er að kalla lýðræðislegar aðferðir. Samkvæmt Dewey eiga börnin að velja sér verkefni sjálf, verkefnin ættu að vera vel skipulögð og markviss svo börnin geti gert sér grein fyrir tilgangi vinnunnar. Dewey fjallaði um lýðræði og menntun, hann taldi að hluti af menntun séu tengsl okkar við umhverfið og náttúruna. Námið á að leiða til þekkingar, ekki bara til að muna staðreyndir heldur til að geta rökstutt þær. Dewey lagði áherslu á ferlið en ekki útkomuna. Börnin í Fífusölum fá tækifæri til að vinna í lýðræðislegri samvinnu við kennara sína og vini. Kennarar Fífusala treysta getu og hæfni hvers barns til að efla eigin þekkingu og hvetja þau til að nýta sína hæfileika. Með þessu er lagður grunnur að sterkum, sjálfstæðum einstaklingi sem tekur ábyrgð á sjálfum sér. Samskiptastefna okkar er sprottin af kenningum Berit Bae og notum við opnar spurningar, t.d. hvað, hvernig og hvers vegna, til að styðja þau í þekkingarleit sinni til náms.

Mikilvægt er að kennarar og börn séu meðvituð um samskipti sín á milli og hlúi vel að þeim, þar sem samskipti eru eitt af okkar helstu verkfærum til náms. Samkvæmt Bae þurfum við að skoða hvað það er sem hefur áhrif á samskipti okkar. Hún skiptir því upp í innri og ytri þætti.

Innri þættirnir tengjast kennaranum, t.d. hvaða fagþekkingu hann hefur, hvaða viðhorf hann hefur til einstaklingsins sem og fyrri reynsla.

Ytri þættirnir eru þeir sem hafa áhrif á samskipti okkar innan skólans sem og leikskólaumhverfið og samfélagið.

Kennarar bera virðingu fyrir upplifun hvers og eins. Bae segir að góður kennari þurfi að geta lifað sig inn í heim barnsins, hlustað og sýnt tilfinningum þeirra skilning. Kennarar stjórna ekki umræðum út frá fyrirfram ákveðnu efni heldur hlusta á það sem börnin hafa að segja. Mjög mikilvægt er að virða ákvörðunarrétt barnsins þegar það hefur val, ef barnið segir: „nei, ég vil ekki“ eða: „langar ekki“ þá verðum við að virða það, svo lengi sem það skaðar ekki barnið eða aðra í kringum það. Grundvallaratriði í viðurkennandi samskiptum við börn er að staðfesta þeirra upplifun og tilfinningar. Einnig segir Bae að hver kennari þurfi að skoða sín eigin samskipti og hugsa: „*hvað* segi ég og *hvernig* segi ég það?“

Einkunnarorð Fífusala, **virðing – uppgötvun – samvinna**, eru sprottin af þessari hugmyndafræði. Þau eiga við bæði börn og kennara og marka allt daglegt starf.

Virðing

Við leggjum áherslu á að börnin beri virðingu og taki tillit til hvers annars og efli þannig skilning á tilfinningum og þörfum sínum sem og annarra. Lagt er upp úr góðu samstarfi, trausti og gagnkvæmri virðingu á milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.

Uppgötvun

Barnið öðlast reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barna, án þess að leggja á hana dóm.

Samvinna

Lagt er upp úr því að börn og kennarar læri að vera sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna og hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

Mat á starfinu, matsaðferðir

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið skiptist í innra mat, unnið af kennurum, foreldrum og börnum leikskólans, og ytra mat, sem unnið er af utanaðkomandi aðila á vegum sveitarfélags og/eða mennta - og menningarmálaráðuneytis.

Innra mat í leikskólum

Kennarar Heilsuleikskólans Fífusala meta starf sitt og aðbúnað til náms annaðhvort ár með ECERS kvarðanum sem er staðlað matstæki fyrir leikskóla. Árlega fylla kennarar út sjálfsmatslista fyrir starfsmannaviðtöl en matið var með öðru sniði í ár. Í fyrsta skipti í vor var notaður nýr gátlisti Heilsustefnunnar sem er hluti af árlegu innra mati. Einnig er símat í gangi allt árið um kring þar sem allir viðburðir og starfið er metið jafnt og þétt.

Ytra mat leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi Heilsuleikskólans Fífusala samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla og aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis. Menntasvið Kópavogs ber ábyrgð á framkvæmd ytra matsins. Annaðhvort ár er lögð fyrir rafræn könnun, annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir kennara, þar sem lagt er mat á stjórnun og stjórnendur leikskólans. Menntasvið fékk Skólaláupsinn til að framkvæma foreldrakönnun á vormánuðum 2016.

Niðurstöður úr foreldrakönnun vorið 2016

Könnunin var framkvæmd í mars 2016, fjöldi þátttakenda var 95 og fjöldi þeirra sem svaraði var 87 eða 91.6 %.

Þessi könnun var einnig lögð fyrir í 64 leikskólum á landinu.

Helstu niðurstöður:

- Ánægja með leikskólann almennt var 96% en meðaltal á landsvísu var 98%
- Þekking foreldra á stefnu og námskrá leikskólans var 78,7 % en 80,5% á landsvísu
- Ánægja foreldra með stjórnun leikskólans var 97,1% en á landsvísu 94,8%
- Varðandi hollt mataræði fengum við 93,4 % en á landsvísu var það 92,2%
- Jákvæðar staðhæfingar um vinnubrögð starfsfólks var 80,6% en 86,1% á landsvísu
- Jákvæðar staðhæfingar varðandi færni barnanna var 70,5% en 81,1% á landinu
- Varðandi aðstæður í leikskólanum þá vorum við með 86,4% en 85,7% á landinu
- Staðhæfingar um jákvæð félagsleg samskipti þá vorum við með 87,5% en 88,4% á landinu
- Varðandi þátttöku vegna náms án aðgreiningar vorum við með 100%
- Varðandi upplýsingamiðlun til foreldra vorum við með 50% en landið með 62,5%
- Tengsl við starfsfólk leikskólans þar vorum við með 96,1% en var 94% á landsvísu
- Hvatning við þátttöku foreldra í leikskólastarfinu þá fengum við 72,9% en landið 75,5%
- Varðandi tímasetningu atburða þá fengum við 94,6% en 86,9% á landsvísu
- Heimasíða leikskólans fékk 90,8% en var 89,4% á landinu
- Jákvæðar staðhæfingar við leikskólabyrjun 87,5% en 74,8% á landsvísu
- Flutningur milli skólastiga var 50% hjá okkur en 66,4% á landsvísu
- Flutningur milli deilda var 83,5% en var 90,2% á landinu

Þessar niðurstöður voru mjög góðar en margt sem þarf að skoða og höfum við farið ítarlega í þær allar. Margt sem kom frá foreldrum í opnum svörum getum við nýtt okkur mjög vel. Varðandi þekkingu foreldra á námskrá og stefnu skólans þá er hún alltaf kynnt að hausti og er inn á heimasíðunni okkar og geta foreldrar nálgast hana þegar þeim hentar. Undir liðnum aðstæður í leikskólanum þá kom það mjög skýrt fram að lóðin okkar er ekki í góðu ástandi og verðar niðurstöður nýttar til að tala við yfirmenn bæjarins vegna þess.

Varðandi matinn þá kemur fram ábending með unnar kjötvörur og er það okkar að segja betur frá því að slíkt hefur ekki verið keypt í Fífusölum allt þetta ár. Öll matvara er unnin frá grunni, meira að segja rasp á fiskinn er gert úr okkar brauðum sem innhalda hvorki sykur né salt. Þetta hefur verið mikil vinna og tekið okkur langan tíma.

Varðandi upplýsingamiðlun þá höfum við reynt að bæta hana með facebooksíðu leikskólans en við höfum ákveðið að hver og ein deild opni sína síðu haustið 2016. Einnig kom fram í könnuninni að foreldrar vilja fá meiri persónulegar upplýsingar um barnið sitt. Við erum með heilsubókina, ferilmöppur og fleira en því miður voru foreldraviðtölin ekki búin hjá okkur þegar könnunin var framkvæmd og gæti það haft töluverð áhrif á svörin.

Í framhaldi af því þá óska foreldrar eftir fleiri viðtölum og ætlum við að bregðast við því. Á næsta skólaári verða deildastjórar með fasta viðtalstíma einu sinni í mánuði sem foreldrar geta nýtt sér, óskað eftir viðtali eða hringt til að fá persónulegar upplýsingar um sitt barn.

Við erum betur mönnum á morgnana og þá höfum meiri tíma til að upplýsa foreldra, en þá eru flestir foreldrar á hraðferð á leið til vinnu.

Upplýsingaflæði kom verr út á eldri en á yngri gangi. Teljum við að það megi skýra með því að það eru fleiri börn á hvern kennara þar, samskiptin breytast og minnka. En þá eru börnin líka eldri og ættu að geta sagt meira frá sjálf.

Varðandi skil inn í grunnskólann þá upplifa foreldrar að þeir séu ekki þátttakendur í því ferli og hefur leikskólastjóri sent ábendingu um það til Salaskóla þar sem við getum ekki haft áhrif á það. Við viljum líka benda á að foreldrar eru alltaf velkomnir til okkar til að fylgjast með barninu í leik.

Nokkuð hefur vantað uppá virkni kennara í útiveru. Áhersla hefur verið lögð á að bæta þar úr m.a. með því að taka málið fyrir á skipulagsdegi starfsfólks.

Varðandi kynningu á nýju starfsfólki fyrir foreldrum, þá komum við til með að taka okkur verulega á í því máli.

Við þökkum foreldrum kærlega fyrir allar ábendingar, bæði varðandi það sem vel er gert og það sem betur má fara, því ekki getum við bætt starfið okkar ef við vitum ekki hvað við eigum að bæta.

Gátlisti Heilsustefnunnar

Þetta er fyrsta árið sem leikskólar innan Heilsustefnunnar hafa fengið þennan gátlista og fannst okkur í Fífusölum mikilvægt að hafa hann með í okkar innra mati 2016. Þessi gátlisti nær til níu þátta innan starfsins

- Lífsleikni
- Samskipti
- Líðan

- Næring og sjálfshjálp
- Svefn
- Sjálfshjálp
- Sköpun
- Hreyfing
- Skráningar

Starfsmenn allra deilda leikskólans fylltu út listann. Fjórir möguleikar voru í boði; alltaf, oft, stundum og aldrei. Við vorum með lang flest atriði alltaf eða oft. Eina atriðið sem var aldrei var að fá næringarfræðing til að yfirfara matseðilinn. Frá og með 1. september munum við hins vegar byrja að nota átta vikna matseðil frá Skólum ehf. en þeir eru yfirfarnir af næringarfræðingi og öll næringargildi reiknuð og miðuð við þarfir barnanna. Gátlistinn er góður til að endurmeta starf okkar og að ári munum við gefa okkur meiri tíma til að fylla út þennan lista og vinna meira með hann varðandi endurmat á því hvernig við stöndum okkur varðandi Heilsustefnuna.

Mat á námi og velferð barna

Við upphaf leikskólagöngu í Heilsuleikskólanum Fífusölum fær hvert barn *Heilsubók barnsins*. Í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, þekking á litum og formum, hreyfifærni, næring og svefn og færni í listsköpun (meðal annars þróun teikninga). Skráningin fer fram tvisvar á ári, haust og vor. Þessi skráning gerir okkur kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins auk þess sem hún er gott tæki til að upplýsa foreldra um stöðu barnsins. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt og auðveldar Heilsubókin okkur að meta styrk hvers og eins. Þá er betur hægt að efla og hvetja hvert einstakt barn svo það geti sem best tekið virkan þátt í leik og starfi. Þegar leikskólagöngu lýkur fær barnið Heilsubókina til eignar og sýnir hún þá þroskaferli barnsins gegnum öll leikskólaárin.

Mat á starfi síðastliðins árs

Starfsmannaviðtöl voru haldin á vorönn 2016. Þau voru með breyttu sniði og mátti starfsfólk ráða hvort það kæmi í viðtal auk þess að velja umræðuefni. Nánast allir starfsmenn komu í viðtal til leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra.

Endurmat skólaársins 2015 – 2016

- Betur hefur gengið að skipta deildum niður í minni hópa.
- Vel hefur gengið að fara með færri börn í einu í fataherbergið á yngri gangi.
- Leikvangur hefur verið betur nýttur í vetur en oft áður.
- Heilsudagurinn gekk vel og verður haldið áfram að safna stimplum á spjöld fyrir hvert og eitt barn.
- Hópa vinna með elstu börnunum gekk vel.
- Dömu- og herrakaffi hefur gengið mjög vel, almenn ánægja er með þessa viðburði.
- Gengur vel á eldri gangi að vera með hópastarf líka eftir hádegi.
- Vel hefur gengið með heimasíðu og facebooksíðu leikskólans.

Á hverju ári gera starfsmenn umbótaáætlun varðandi það hvað betur má fara í starfinu

Umbótaáætlun fyrir 2016-2017

- Vera duglegri að nýta hljóðfærin.
- Spila fjölbreyttari tónlist.
- Kynna nýtt starfsfólk betur fyrir foreldrum og öðru starfsfólki leikskólans ásamt því að bæta upplýsingaflæði til foreldra.
- Samræma reglur milli deilda.
- Kenna börnunum að sturta niður úr klósettum og pissuskálum.
- Leyfa elstu börnum leikskólans að fá meira val um hvað þau vilja gera, auka lýðræði.
- Það sem er boðið upp á í kaffitímanum er óþarflega einhæft og það þarf að auka fjölbreytni. T.d. of mikið brauð, hafa meira af ávöxtum/grænmeti og meiri fjölbreytni í áleggi, sykurlausar skonsur, eplakökur, vöfflur og fl.
- Mætti vera meiri samvinna á eldri gangi, stokka deildir upp af og til, létta á deildum með að taka t.d. 4 börn af hverri deild fram.
- Útikennslusvæði lítið notað.
- Reyna að hafa færri börn í einu í fataherbergi á eldri gangi til að minnka hávaða.
- Bæta mataræði enn frekar og nota minna af aukaefnum. Hafa sósur sér, það mættu vera sætar kartöflur og oftár hrísgrjón.
- Starfsfólk þarf að dreifa sér betur um garðinn.
- Nýta Smiðjuna betur í lok dags eða eftir hópatíma.
- Það þarf að endurvinna starfsmannahandbækur.
- Leyfa eldri börnunum að taka meira þátt, t.d. í að skera niður ávexti, baka brauð og fl.
- Tími og rými til að vera einn og í friði, t.d. skipta deildum þannig að eldri eru inni á meðan yngri eru úti. Þá er minna álag og áreiti innan leikskólans.
- Merkja hljóðfærin
- Hafa oftár Gaman saman á eldri gangi. Mætti vera 1x í mánuði eða annan hvern mánuð með opið flæði á milli ganga.
- Auka samvinnu milli eldri- og yngri gangs.
- Tengja hópastarfið meira við vettvangsferðir, auka samstarf á milli starfsmanns í smiðju og deilda t.d. með ákveðnu þema. Mætti vera lengri tími fyrir hvert þema en hefur verið.
- Setja fleiri myndir sem eru lýsandi fyrir starfið í námskrá og starfsáætlun.
- Facebook síða sett upp fyrir hverja deild.
- Fastir viðtalstímar hjá deildastjórum 1 x í mánuði.

Starfsáætlun næsta leikskólaárs

Sérkennsla

Tveir kennarar fóru á vorráðstefnu hjá Greiningar - og ráðgjafarstöð ríkisins. Auk þess sóttu kennarar leikskólans ýmis önnur námskeið og ráðstefnur, m.a. fóru fjórir kennarar til Birmingham á námskeið og fimm fóru á einstaklingsnámskeið í sambandi við atferlisþjálfun. Ein fór á námskeið í AEPS matslista. Einnig fóru nokkrir á ýmsa fyrirlestra og styttri námskeið.

Næsta skólaár er gert ráð fyrir að fimm börn þurfi mikinn stuðning við daglegt starf og ellefu börn til viðbótar þurfi annars konar sérkennslu. Áfram verða málörvunar- og einbeitingahópar, tímarnir eru byggðir á því að spila og leysa ýmis verkefni.

Daglegt skipulag

Hver dagur felur í sér ákveðnar hefðir og athafnir þar sem það veitir börnum öryggi og festu. Hins vegar erum við óhrædd við að breyta til þegar sérstakir dagar eru, veðrið leikur við okkur eða bara stemning fyrir að gera eitthvað nýtt.

Sumartímar: Á sumrin breytist skólastarfið talsvert, hópastarf í Smiðju og Leikvangi fellur niður, en í staðinn er lögð áhersla á útiveru, vettvangsferðir og skapandi starf í sem fjölbreyttastri mynd.

Skipulagsdagar

Hvert skólaár er varðað af ákveðnum hefðum og tilbreytingum sem brjóta upp starfið og gefa því meiri lit. Þessir viðburðir eru inn á skóladagatali leikskólans.

Leikskólinn opnar aftur eftir sumarlokun klukkan 13:00 þann 8. ágúst 2016.

Næsta skólaár verða 5,5 skipulagsdagar, en eins og síðasta ár eru skipulagsdagar samræmdir fyrir leikskólana í Kópavogi. Skipulagsdagar næsta skólaár verða:

- 9. september ½ dagur
- 7. október
- 21. nóvember
- 2. janúar
- 14. mars
- 17. maí

Fjöldi barna, aðlögun og útskrift

Haustið 2016 verða 111 börn í Fífusölum. Þar af eru fimm börn sem áætlað er að þurfi stuðningstíma og ellefu sem þurfa annars konar sérkennslu.

Haustið 2016 tókum við inn a.m.k 33 ný börn. Í Fífusölum er notuð þátttökuaðlögun.

Foreldrar og/eða forráðamenn barna sem byrja í leikskólanum haustið 2016 voru boðaðir á fund í leikskólanum 24. maí 2016. Þá var skólinn kynntur, aðlögunarferli lýst og skrifað undir dvalarsamninga.

Í þátttökuaðlögun eru foreldrar virkir þátttakendur í aðlögun barna sinna og eru með þeim í leikskólanum í þrjá daga. Þá daga sjá foreldrar um allar þarfir barna sinna, hvort sem það er að klæða þau, skipta á þeim, leika við þau eða gefa þeim að borða. Á þriðja degi kveðja

foreldrar börnin í útiveru fyrir hádegi og koma aftur að hvíld lokinni. Á fyrsta eða öðrum degi er foreldrum boðið upp á að hlýða á fyrirlestur varðandi dagskipulag skólans, uppeldiskenningar og aðrar mikilvægar upplýsingar á meðan hvíldin er. Markmið þátttökuáðlögunar er að foreldrar og börn læri að vera saman í leikskólanum og skapi þannig öryggi og traust barnanna gagnvart leikskóladvölinni.

Útskrift elstu barna leikskólans var haldin föstudaginn 27. maí til laugardagsins 28. maí. Líkt og síðasta skólaár var útskriftarbörnum boðið að gista í leikskólanum eina nótt og þáðu öll börnin 34 það. Dagskrá á föstudeginum stóð frá 17:00-22:30. Byrjað var á að fara í ratleik þar sem tveir starfsmenn voru með hvern hóp. Að honum loknum bjó hvert barn til sína eigin pizzu. Eftir mat var frjáls tími og síðan var haldið náttfatapartý þar sem börnin dönsuðu og skemmtu sér. Upp úr 21:00 var róleg stund yfir sjónvarpinu. Um 21.30 fóru börnin í háttinn og sofnuðu öll mjög fljótlega. Foreldrum var boðið í morgunmat daginn eftir og formleg útskrift í beinu framhaldi af því þar sem börnin fengu afhent útskriftarskjöl og rósir. Hefur þetta fyrirkomulag gefið góða raun og er því orðið að fastri hefð hér í Heilsuleikskólanum Fífusölum.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Síðastliðið skólaár opnuðum við lokaða facebook síðu fyrir leikskólann en með henni geta foreldrar fylgst enn betur með því sem við erum að gera. Auk þess hafa flestar deildir sent foreldrum reglulega myndbönd sem unnin eru í iMovie.

Leikskólar Kópavogs ásamt Menntasviði taka þátt í Læsisverkefni veturinn 2016 - 2017.

Auk þess verðum verður vináttuverkefni Barnaheilla í gangi skólaárið 2016-2017 fyrir elstu börnin sem eru fædd 2011.

Kynning á leikskólanum

Skólaárið hefst alltaf á því að kynna starf skólans, starfsáætlun og skóladagatal fyrir foreldrum á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn er í leikskólanum.

Kennarar hafa vakið athygli á daglegu starfi leikskólans í bæjarblaðinu þegar tækifæri hafa gefist.

Samstarf

Foreldrasamstarf

Við leggjum sérstaka áherslu á að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum. Við viljum að allir finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum. Við sýnum fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og leggjum við því áherslu á góða samvinnu kennara og foreldra.

Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu. Aðlögunarviðtöl eru haldin um það bil mánuði eftir að barn byrjar í leikskólanum. Almenn foreldraviðtöl eru haldin að vori, en því til viðbótar geta

foreldrar alltaf beðið um viðtalstíma við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.

Reglulega eru send út fréttabréf, auk þess sem ýmsar hagnýtar upplýsingar koma fram á heimasíðu leikskólans. Á upplýsingatöflum og myndaskjám á hvorum gangi geta foreldrar séð hvað börnin gera á hverjum degi. Einnig skrifa deildastjórar um daglegt starf í dagbókarfærslu á heimasíðu og/eða senda út tölvupósta einu sinni í viku.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum sem fundar tvisvar á ári, en þess á milli fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst. Í stjórn eru sex foreldrar og fundi sitja þar að auki tveir kennarar sem tengiliðir leikskólans. Foreldrafélagið skipuleggur hina ýmsu viðburði í samstarfi við leikskólann, þar má nefna að í ár var jólaleikrit sýnt í leikskólanum, börnin fengu pakka frá jólasveininum og í jólakaffinu gaf foreldrafélagið heitt súkkulaði með piparkökunum. Foreldrafélagið sá um að kaupa sólarvarnarkrem fyrir börnin. Núna í vor var farið í sveitaferð á Hraðastaði á laugardegi. Síðan má ekki gleyma sumarhátíðinni sem var hin glæsilegasta, grillaðar pylsur, hoppukastali og margt fleira. Þetta er góð viðbót við leikskólastarfið og þökkum við kærlega fyrir það.

Í leikskólanum starfar einnig foreldraráð sem fundar reglulega. Í því eru þrír foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans og les meðal annars yfir árlega starfsáætlun.

Samstarf við aðrar stofnanir bæjarins

Salaskóli er okkar samstarfsskóli og hitta elstu börn leikskólans og kennarar þeirra, börn og kennara úr Salaskóla þrisvar til fjórum sinnum yfir skólaárið.

Við eigum gott samstarf við Salaskóla þar sem elstu börn leikskólans flytjast yfir í dægradvöl grunnskólans í byrjun júní. Markmiðið með þessu er að börnin aðlagist umhverfi skólans áður en eiginlegt nám þeirra hefst og eru þau því betur undirbúin fyrir grunnskólagöngu sína um haustið. Elstu börnin í Rjúpnahæð og kennarar þeirra eru með okkur í Sumarskólanum sumarið 2016.

Rjúpnalundur er sameiginleg útikennslustofa Fífusala, Rjúpnahæðar og Salaskóla, staðsett í Rjúpnahæðinni. Hver skóli á sinn dag vikulega í Rjúpnalundi, en einnig er gott samstarf um samnýtingu svæðisins.

Stjórnendur leikskólans, deildastjórar og sérkennslustjóri hafa átt gott samstarf við aðrar stofnanir bæjarins svo sem Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs, Lindasafn, Heilsugæsluna í Salahverfi, Lindakirkju, Salalaug og Gerplu.

Starfsmenn

	Fjöldi	Stöðugildi
Í Heilsuleiksskólanum Fífusölum er gert ráð fyrir 17,61 stöðugildum vegna barngilda auk 5,5 stöðugilda í sérkennslu. Í afleysingum fyrir undirbúning og veikindi er 3,48 stöðugildi. Auk þess er leiksskólastjóri í 1,0 stöðugildi og aðstoðarleiksskólastjóri í 50% stjórnendastöðu, sérkennslustjóri í 75% stöðu. Heildar stöðugildi fyrir leiksskólann er 32,34 stöðugildi. Menntun		
Leiksskólakennarar	9	7,48
Grunnskólakennarar	2	1,75
Íþróttakennari	1	1
Aðrir starfsmenn háskólamenntaðir	8	7,78
Leiksskólaliði og nemar á leiksskólalabru	5	5
Eldhús	2	2
Leiðbeinendur	11	8,36
Samtals		33,37

Fæðingarorlof

Þrjú kennarar voru í fæðingarorlofi síðasta skólaár, einn kom til baka á vorönn 2016 og einn kemur til baka haustið 2016. Sá þriðji kemur ekki til baka.

Langtímaveikindi

Einn starfsmaður er búinn að vera í langtímaveikindum allt skólaárið.

Fundir

Skilaboðafundir eru haldnir alla morgna, þar koma fram skilaboð sem þurfa að fara inn á allar deildir.

Deildastjórafundir eru haldnir að jafnaði 3-4 sinnum í mánuði.

Fagfundir eru haldnir að lágmarki 2 sinnum á ári.

Leiksskólastjóri og aðstoðarleiksskólastjóri eru með samráðsfundi á hverjum degi.

Samráð við sérkennslustjóra er eftir þörfum.

Leiksskólastjóri, aðstoðarleiksskólastjóri og sérkennslustjóri fara í handleiðslu að meðaltali einu sinni í mánuði.

Deildafundir og gangafundir eru haldnir eftir þörfum.

Skipulagsdagar 2015 – 2016

Síðastliðið skólaár voru fimm skipulagsdagar, tveir á haustönn og þrjú á vorönn.

Skipulagsdagarnir voru nýttir á fjölbreyttan hátt:

24. ágúst 2015

Vetrarstarfið skipulagt og farið yfir námskrá leikskólans. Elva Árnadóttir var með kynningu á því hvernig við getum notað iPadinn, gert myndbönd og fleira skemmtilegt. Svo var starfsmannafundur þar sem var farið yfir praktíska hluti og að lokum kom Margrét Júlía Rafnsdóttir og kynnti vináttuverkefni Barnaheilla.

23. nóvember 2015

Guðrún Bjarnadóttir, leikskólaráðgjafi, var með erindi um leikinn, starfsmannafundur og deildafundur.

4. janúar 2016

Starfsmannafundur, gangafundur og deildafundur.

4. mars 2016

Starfsmannafundur, deildafundur og hópeflisleikir. Vorum búin að panta námskeið í núvitund en námskeiðshaldarinn boðaði forföll vegna veikinda.

17. maí 2016

Starfsmannafundur, farið yfir niðurstöður foreldrakönnunnar, Erla Stefanía leikskólastjóri var með fyrirlestur um viðurkennandi samskipti, hópavinna - endurmat á vetrarstarfinu, sumarstarfið og næsti vetur. Hóparnir kynntu niðurstöður.

Endur- og símenntunaráætlun

Allir kennarar Heilsuleikskólans Fífusala voru hvattir til að kynna sér símenntunaráætlun menntanefndar sveitarfélagsins. Út frá áætluninni völdu kennarar sér námskeið eftir áhugasviði sem þeir fóru á fyrir hönd leikskólans. Miðað var við að hver kennari veldi sér eitt námskeið, fyrirlestur eða kynningu á hvorri önn.

Öryggismál

Ef upp koma óhöpp, veikindi eða slys byrjum við ávallt á því að hringja í foreldra. Við nýtum vel þjónustu Heilsugæslunnar í Salahverfi, sem er við hlið leikskólans, en ef um alvarleg slys er að ræða er hringt á sjúkrabíl. Ávallt er fyllt út slysaskráningarblað þegar barn slasast í leikskólanum.

Á hverri deild er hringur með upplýsingum um skyndihjálpu auk viðbragðsáætlana vegna slysa og eldsvoða. Þar eru einnig helstu upplýsingar um hvert barn á deildinni með símanúmerum forráðamanna og mynd af barninu.

Einn kennari og aðstoðarleikskólastjóri gegna hlutverki öryggistrúnaðarmanns og öryggisvarðar. Eftirlitið fer fram hjá utanaðkomandi aðilum en ef eitthvað kemur upp á höfum við haft samband við áhaldahús Kópavogsbæjar og þeir hafa brugðist skjótt við. Stefnt er að því að hafa brunaæfingu að minnsta kosti einu sinni á hverju skólaári.

Lokaorð

Nú er enn eitt starfsárið á enda og nýtt tekur við. Ég er mjög þakklát fyrir starfið mitt og allt sem því fylgir. Starfsfólkið er búið að standa sig mjög vel þrátt fyrir erfiðan vetur með miklum mannbreytingum sem eru þær mestu síðan ég tók við hér fyrir sjö árum.

Við fengum góðar breytingar á húsnæðinu með því að fá nýjan vegg milli matsalarins og eldri gangs. Það hefur gefið okkur mikla möguleika til að nýta betur þetta opna rými. Eins fengum við meiri hljóðeinangrun í matsalinn en óskum eftir því að fá sömu einangrun á bæði eldri og yngri gang. Það vantar því miður enn mikið upp á góða hljóðvist í skólanum.

Enn er garðurinn okkar í miklum óefnum, ekkert hefur verið gert til að bæta úr undirlagi hjá rólum eða við að setja upp sparkvöll, en það svæði er allt í leðju og svona mætti lengi telja. Foreldraráð hefur reynt að aðstoða okkur við þetta verkefni en ekkert hefur gerst að sinni, því miður. Foreldrakönnunin kom vel út en margt sem þarf að vinna betur með og bæta, það gerum við með bros á vör enda alltaf gott að gera starfið okkar enn betra. Leikskólinn er alltaf að yngjast hvað varðar börnin og þyrftum við að endurnýja enn meira en við höfum gert varðandi það. Leiksvæðið á yngri gangi er ekki í stakk búið til að takavið þeim aldri sem þar er nú og óskum við enn og aftur eftir úrbótum þar. Við þökkum fyrir gott skólaár og hlökkum til þess næsta.

Kópavogi, júní 2016,

Erla Stefanía Magnúsdóttir